

Brunavarnir í samkomutjöldum.

Með vísan til 22. og 25. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir og greinar 71 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 hefur Mannvirkjastofnun ákveðið að setja upp eftifarandi reglur fyrir brunavarnir í stökum samkomutjöldum sem sett eru upp í skamman tíma (30 dagar sbr. 71.4 í Byggingarreglugerð) fyrir samkomur og þess háttar, þar sem reglur fyrir varanlegar byggingar eiga ekki við. Tjaldbyggingar sem ætlað er að standa lengur en í 30 daga skulu gerðar skv. leiðbeiningum 71-B. BR1.

Ekki skulu vera aðrar innréttningar í tjöldunum en borð og stólar og skyldir hlutir sem valda óverulegu brunaálagi og hindra ekki rýmingu tjaldsins.

1. Tjalddúkurinn skal uppfylla þá kröfu að erfitt sé að kveikja í honum þegar prófunin fer fram eftir sænskum staðli SIS 65 00 82 *Bestämning av brandhärdighet hos vävnader*. Prófunin skal fara fram á samþykktri prófunarstofu. Einnig má nota aðra staðla sem Mannvirkjastofnun hefur samþykkt.
2. Burðargrind tjaldanna skal vera úr stáli, tré eða fiberstöngum og þannig frágengin að hún geti ekki hrunið á þeim tíma sem það tekur að rýma tjaldið.
3. Minnst tveir útgangar skulu vera úr hverju tjaldi sem rúmar allt að 100 manns og síðan einn útgangur til viðbótar fyrir hvert hundrað sem tjaldið rúmar. Útgangarnir og gönguleiðir að þeim skulu uppfylla ákvæði 10. kafla byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og vera tryggar gagnvart því að dúkurinn geti fallið niður og hindrað rýmingu tjaldsins.
4. Bannað er að vera með opinn eld í tjöldunum t.d. gasbrennara til upphitunar á þeim, til lýsingar og til skreytinga.
5. Tjöldin skal ekki staðsetja nær húsum annarra en 10 m til að koma í veg fyrir að eldur geti borist milli húss og tjalds.
6. Eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna skal gera úttekt á frágangi tjaldanna áður en þau eru tekin í notkun og mæla fyrir um staðsetningu á handslökkvitækjum og öðrum öryggisbúnaði eftir mati slökkviliðsstjóra.